

1860.
30. júlí.

að 5 þeirra jafngildi einni spesíu eður 2 ríkisdöllum ríkismyntar, og hver einstakur 38 skildingum ríkismyntar; en eftir að þessi tími er liðinn skuli þeim veitt viðtaka í jarðabókarsjóðinn aðeins fyrir 36 skildinga ríkismyntar. Þá peninga, er þannig koma inn í sjóðinn, má ekki aptur út láta, heldur skal senda þá til Kaupmannahafnar til þess að þeir verði ónýttir.

Þetta kunngjörist hérmeð öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni, samkvæmt konungsúrskurði 13. júním. þ. á.

3. ágúst. **46. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um verðlaun fyrir að bjarga mönnum úr lífsháska.**

Eftir því sem skýrt er frá um málavexti í prófseptrirriti því, er þér, herra stiptamtmaður, senduð hingað með bréfi 5. júním. þ. á., hefir dómsmálastjórnin veitt Nikulási Gottskálksyni og hásetum hans, Árna Nikulássyni og Jóni á Ferstiklu, 32 ríkisdala verðlaun, Nikulási 20 rdl. en hverjum hásetanna 6 ríkisdali, fyrir það, að þeir í fyrra vor björguðu Árna Grímsyni og syni hans Njáli Árnasyni úr lífsháska á sjó, og hefir verið hlutast til um, að fæ þetta verði greitt úr jarðabókarsjóði Íslands eptir ráðstöfun yðar.

Þetta sè yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess þér gætið þess, sem að öðru leyti er þörf á í þessu efni.

30. ágúst.

47. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um styrk til að gefa út þýðingu yfir nokkra kafla úr nýja testamentinu.

Kirkju- og kennslustjórnin hefir fengið aptur með álitsskjali yðar, herra stiptamtmaður, og yðar háæruverðugi herra, 7. f. m., bænarskrá frá Pètri prófessor Péturssyni, og Sigurði Melsted,

prestaskólakennara í Reykjavík, um styrk til að gefa út þýðingu yfir útvalda kafla úr nýja testamentinu. Stjórnin hefir í þessu skyni veitt beiðendunum 200 ríkisdala styrk. 1860.
30. ágúst.

Þetta sè yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til birtingar fyrir þeim, er hlut eiga að máli, og skal því við bætt, að landfógetanum á Íslandi hefir verið skipað í dag að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði Íslands.

48. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um nefnd þá, er sett var í Reykjavík í fjárkláðamálinu, m. m. 30. ágúst.

Dómsmálastjórnin hefir fengið bréf yðar, herra stiptamtmaður, 27. f. m., þar sem þér létuð í ljósi álit yðar um bænarskrá, dagsetta 21. júnímanuðar er leið, frá nefnd þeirri, er fyrst um sinn hefir sett verið í Reykjavík í fjárkláðamálinu; fer nefndin fram á, að hverjum nefndarmanni sè veittur myndugleiki til að ferðast um í landinu ásamt dýralæknunum, hvar og hvenær sem þeim þyki þörf vera á því, til þess að kynna sèr heilbrigðisástand fjárins.

Sjálfum yður til leiðbeiningar og til auglýsingar fyrir nefnd þessari lætur dómsmálastjórnin yður nú vita það, að hún verður að vera yður samdóma um, að ekki sè ráðlegt að veita nefndarmönnum slíkan almennan myndugleika til að ferðast um í landinu til að rannsaka ástand sauðfjárins; en að öðru leyti sè það lagt á yðar vald að leyfa nefndinni, þegar svo ber undir, að láta einn eður fleiri af nefndarmönnum ferðast til að rannsaka fèð, ef yður virðist slíkt af sèrstaklegum ástæðum vera æskilegt.

Hvorigur þeirra dýralækna, er til Íslands fóru, er enn kominn hingað aptur, og er þess þó getið í bréfi stiptamtmanns 12. maímánaðar er leið, að þeir ættu báðir eptir samkomulagi við nefndina að fara frá Íslandi með næstu gufuskipsferð, og aptur á ný í bréfi yðar 27. f. m., sem að ofan er nefnt, að Krause dýralæknir ætti, með samþykki nefndarinnar, að fara með gufuskipsferð þeirri, er þá var fyrir hendi. Dóms-